

FULLY TRANSLATED!

# STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna



no 4, 2.tbl 2015

# NO 4, 2TBL 2015



## Feneyjatvíæringurinn

Erla Þórarinsdóttir



## Listería

Jón Proppé



## List, samfélag og tjáningarfrelsið

Hlynur Helgason



## Skaftfell

Tinna Guðmundsdóttir



## Val á framlagi Íslands til Feneyjatvíæringins

Björg Stefánsdóttir



## Minningarbrot

Helgi Þorgils Friðjónsson



## Gestavinnustofan

Matthew Berka



## Vinnustofan

Eygló Harðardóttir



## Myndlistarfélagið

Klængur Gunnarsson

# English



# Feneyja- tvíæringurinn

*Erla Þórarinsdóttir*

*Meðlimur stjórnar SÍM og stjórnarmeðlimur í KÍM fyrir hönd SÍM*

---

*Fyrsti Feneyjatvíæringurinn var haldinn 1895. Í ár er sá 56. Ísland tók fyrst þátt árið 1960 þegar Ásmundur Sveinsson og Jóhannes Kjarval sýndu þar verk sín. Svavari Guðnasyni og Þorvaldi Skúlasyni var boðið að sýna árið 1972 og frá 1976 hafa Íslendingar tekið þátt sérhvert sinn. Tvíæringurinn er afar mikilvægur vettvangur fyrir myndlist því þar eru sýnd verk listamanna hvaðanæva úr heiminum, sannkölluð deigla hugmynda, stefna og strauma.*

Árið 2013 var auglýst eftir hugmyndum að verki fyrir Íslands hönd til sýningar á Feneyjativíæringnum 2015. Óskað var eftir að listamenn sem sæktust eftir þátttöku tilgreindu samstarfsaðila og hugmyndir um fjármögnun verkefnisins. Fór fagráð Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar (KÍM) yfir umsóknirnar. Fyrir valinu varð tillaga að verki eftir Christoph Büchel í samvinnu við sambýliskonu hans Nínu Magnúsdóttur sem sýningarstjóra, sem var í stuttu máli sú að Rómafólk átti að setjast að í Garðinum á miðsvæði Biennalsins, eða „Giardini“, og dvelja þar yfir sýningartímann. Í Garðinum eru sýningarskálar helstu stórþjóða, aðallega Vesturlanda, auk þess sem hann er menningarsögulegur staður og viðkvæmur sem slíkur. Þótti stjórnendum Feneyjativíæringnum tillagan sem KÍM valdi ekki framkvæmanleg á slíkum stað og fékkst hún ekki samþykkt. Fagráð KÍM virðist ekki hafa séð það fyrir.

Þegar þessi staða var komin upp voru ekki endurmetnar innsendar hugmyndir annarra listamanna heldur var Christoph Büchel falið að koma með aðra tillögu, sem reyndist líka óframkvæmanleg, og svo enn aðra, þar til hugmyndin um að setja upp mosku í Feneyjum var valin til framkvæmdar.

Sýningarstaður var enginn og flókið og dýrt að finna slíkan, en eftir mikinn undirbúning og leit að heppilegu húsnæði var verkið „Moska“ opnað í afhelgaðri kirkju. „Moskunn“ var síðan lokað af borgaryfirvöldum Feneyja eins og komið hefur fram í fjölmiðlum. Má segja að þar hafi verið komist að mörkum Biennalsins; þanþolið nær ekki lengra og verkið er „lokuð Moska“. Í framhaldinu höfðaði KÍM dómsmál gegn borgaryfirvöldum í Feneyjum og fór fram á flýti meðferð í þeim tilgangi að opna mætti verkið fyrir almenningi. Því var hafnað. Hefðbundið dómsmál tekur allt að eitt ár, en þar sem Biennalinn lýkur í nóvember næstkomandi var hætt við frekari dómsmál.

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar er rekin fyrir opinber fjárframlög sem hafa verið það knöpp undanfarin ár að bolmagnið er lítið og KÍM getur litlu öðru sinnt en Feneyjativíæringnum. Í samningi KÍM við ráðuneytið vegna rekstrarframlags þess til KÍM segir að 15% af rekstrarfé miðstöðvarinnar skuli fara í styrki til myndlistarmanna. Síðastliðin tvö ár hefur það

ekki gengið eftir, en fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2014 að úthlutaðir styrkir til listamanna árið 2013 voru rúmlega 2,8 m.kr. eða um 11% af rekstrarframlagi ríkisins til KÍM, og 2014 voru þessir styrkir rúmlega 1,8 m.kr., eða um 8% af rekstrarframlagi ríkisins til KÍM. Í rekstraráætlun KÍM fyrir yfirstandandi ár er stefnt að því að þessir styrkir verði um 3,5 m.kr.

KÍM verður að vera kleift fjárhagslega að gera íslenska myndlist sýnilega í alþjóðlegu samhengi svo fullur sómi sé að og er þátttaka í Feneyjativíæringnum þar afgerandi. Við verðum að endurmeta tilhögunina við valið á framlagi okkar til næsta tvíæringnum 2017. Og við verðum að vera fjárhagslega raunsæ. Kostnaður við þátttöku í tvíæringnum er að lágmarki 50 milljónir, eða helmingi meira en opinbert framlag til hans — sambærilegur kostnaður og til uppsetningar einnar leikhússýningar í Þjóðleikhúsinu. Fáir listamenn hafa aðgengi að slíku fé, enginn á Íslandi.


Forsendur fyrir vali fulltrúa Íslands á Feneyjativíæringnum 2015 var „open call“, enginn fastur sýningarstaður og aðeins helmings fé til framkvæmdar sýningar. Og KÍM auk þess með tap frá Feneyjativíæringnum 2013 í eftirdragi. Þetta eru ekki góðar forsendur. Ósk KÍM um að listamenn sem sæktust eftir að vera fulltrúar Íslands á Feneyjativíæringnum tilgreindu í umsókn sinni samstarfsaðila og fjármögnun var nýjung. Hvaðan átti féð að koma? Erlendis frá? Frá atvinnulífinu? Óskhyggjunni einni...?

Óskandi væri að í Feneyjum væri aðgengi að húsnæði til sýningarhalds og kynninga. Fram hefur komið hugmynd um að nýta mætti slíkt húsnæði til þátttöku í fleiri menningarviðburðum, eins og alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Gyllta ljóninu, Arkítektabiennalnum, dans- og leikhúshátíðum — eða öllu því sem við viljum taka þátt í sem fullgildir aðilar að menningu heimsins. Leiga á húsnæði til langs tíma auðveldar allt skipulag og er hagkvæmari, en til þess þarf samvinnu milli listgreina og ráðuneyta, skipulag og samstöðu. Ísland er í útjaðrinum landfræðilega og á Biennalnum, en hér á landi fer fram orkumikil frumsköpun á ýmsum sviðum lista sem áhugi er fyrir hjá öðrum þjóðum. Nýtum okkur þá jákvæðu sýn.

# Listería

– Ókláraða safnhúsið á Nesi

Jón Proppé



Verk Svövu Björnsdóttur, Sólarplexus. Gifs og pappír. 2015. Ljósmynd RAX.

*Vestast á Seltjarnarnesi stendur stórt, óklárað hús. Rétt þar hjá er Nesstofa, steinhús sem byggt var uppúr miðri átjándu öld fyrir landlækni. Hugmyndin var að nýja húsið ætti að hýsa lækningasafn en af ýmsum ástæðum hefur ekki orðið af því og eftir stendur stór og falleg bygging, haganlega felld inn í landslagið. Að innan er allt óklárað, veggirnir hrá steypa, ekkert vatn, enginn hiti og ekkert rafmagn.*

Húsið hefur lítið nýst utan að Listaháskólinn hélt þar nemendasýningu fyrir nokkrum árum, en nú hafa sýningarstjórnarnir Margrét Áskelsdóttir og Klara Stephensen fengið að opna rýmið og setja þar upp sýningu með verkum fimm listamanna.

Sýningin er einföld og verkin fá gott rými inni í þessu stóra húsi en þó eru þarna nokkuð flóknað samræður, ekki síst samræðan milli myndlistarinnar annars vegar og hússins og umhverfisins hins vegar. Arkitektarnir hafa áttað sig vel á mikilvægi umhverfisins og á vesturhlið hússins eru stórir gluggar þar sem náttúran í Gróttu blasir við og Faxaflóinn allur.

Það er erfitt að keppa um athygli við slíka sjón enda hefur verið ákveðið að láta sýninguna frekar kallast á við landið og sjóinn.

Ljósmyndir Ragnars Axelssonar gegna þar stóru hlutverki og sýna mannlíf á norðurslóðum. Á gólfinu stendur gamall og illa farinn súðbyrðingur og inn á milli ljósmyndanna hefur verið komið fyrir sjónvarpsskermi þar sem sjá má Kristín E. Hrafnsson róa svipuðum bát fram og aftur gegnum myndrammann. Allt þetta kallast svo á við það sem við sjáum út um gluggann, íslenskt landslag við sjóinn. Kristinn á tvö önnur verk á sýningunni, silkiþrykta



Ragnar Axelsson, Lífið á norðurhjara veraldar *Blekprent á pappír* 1998-2015. Verk Kristins E. Hrafnssonar *Að koma að fara og video-verkið Þannig var það - þannig er það. Ljósmynd. RAX.*

mynd og litla innsetningu við gluggann þar sem hann hefur komið fyrir stól og hengt frakka yfir bakið. Verkið vísar út og er húnómísk viðurkenning á því að náttúran sjálf er sjötti listamaðurinn á þessari sýningu.

Svava Björnsdóttir gengur hins vegar til samræðu við húsið og setur upp litla, gula pappírsskúlpúru á veggina svo þeir minna í fyrstu á rafmagnsdósir sem eftir á að tengja. Ívar Valgarðsson sýnir óvenjulegt vatnslitaverk – 30 metra strimil af pappír sem hann hefur litað með bláum vatnslit og kuðlað upp í griðarstóra kúlu. Í myndbandsverki má svo sjá hann blása upp gárur á yfirborði litaðs vatns. Vatn er einmitt uppspretta enn einnar samræðunnar í sýningunni og þá er rúsinan í pylsuendanum verk Finnboga Péturssonar þar sem hann notar vatn gárað af hljóði úr þremur hátölurum til að varpa kviku ljósaspili á vegg. Finnbogi sýndi fyrst verk af þessu tagi í Nýlistasafninu 1991 en hefur þróað það áfram í ýmsum útfærslum og sýnt víða um heim. Verkið er eins og síbreytilegt, seiðandi málverk – búið til af hljóði, vatni og ljósi – og er fullkomið innlegg í þessa íhugulu sýningu.

Það er erfitt að setja upp sýningu í húsnæði af þessu tagi og í samkeppni við útsýnið en hér hefur sýningarstjórnunum og fimm þálfreyndum listamönnum tekist að láta allt vinna með sér og víkka þannig út sýninguna og verkin þannig að allt fellur saman í leikandi heild.



Verk Ívars Valgarðssonar *Vatnslitarmynd Vatnslitur og pappír*, 2013. Ljósmynd. RAX.

# List, samfélag og tjáningarfrelsi

— mosku-innsetning Christophs Büchel í Feneyjum



Ljósmyndir Hlynur Helgason

*Hlynur Helgason, listfræðingur*

*Svissnesk-íslenski listamaðurinn Christoph Büchel hefur, eins og alkunna er, gert innsetningu fyrir hönd Íslands á tvíæringnum í Feneyjum þar sem afhelgaðri kirkju hefur verið umbreytt í bænastað fyrir múslima, eða mosku. Verkið hefur reynst umdeilt. Það sætti þó nokkurri gagnrýni og andstöðu í Feneyjum áður en sýningin var opnuð.*



Tíu dögum eftir opnun úrskurðuðu feneysk yfirvöld að sýningar skálanum skyldi lokað og þar með aðgengi almennings að verkinu. Íslenskir aðstandendur sýningarinnar gagnrýndu forsendur lokunarinnar og hafa síðan þá freistað þess á marga vegu að fá úrskurðinum hnekkkt svo hægt sé að opna sýninguna á ný.

Verk Büchels í Feneyjum er einfalt og blátt áfram að gerð. Það byggir á nútímahefð umbreytingar þar sem ókunnugum þáttum er skeytt saman við kunnuglega til að ná fram áhrifum. Hér eru það smáatriðin sem skipta máli. Listamaðurinn hefur kynnt sér vel skipulag moska á Vesturlöndum og fylgir því út í ystu æsar. Moskan verður því sannfærandi inngríp í hús sem er greinilega byggt sem kirkja: hér er til staðar bænatoppið sem vísar til Mekka; hér er aðstaða til að lauga fætur og hendur fyrir tilbeiðslu; hér er skrifstofa kennimanns safnaðarins; hér er stór og björt ljósakróna með fagurlega blásnum glerkúplum; hér er aðstaða fyrir trúarlega menntun; hér eru sölubásar með trúarlegum og menningarlegum varningi. Það er meira að segja mynd af Ólafi Ragnari Grímssyni forseta í hlutverki þjóðhöfðingjans, fulltrúa þess veraldlega afls sem moskan tilheyrir. Innsetningin er faglega unnin og sannfærandi. Hún er í nokkuð áhugaverðri mótstöðu við sýningarstaðinn sjálfan sem endurspeglar kristilegt samhengi Feneyja. Útfærslan er góð og gefur verkinu nokkuð gildi. Það fellur vel að þeirri listhefð sem það samsamar sig.

### *Íslömsk menning og Feneyjatvíæringurinn*

Á undanförunum árum hafa komið fram nokkur dæmi á Feneyjatvíæringnum þar sem aðstandendur sýningarskála, skipuleggjendur sýninga eða yfirvöld hafa verið sökuð um að skerða tjáningarfrelsi listamanna og ritskoða verk þeirra. Það er athyglisvert að í þessum tilvikum hefur innihald verkanna tengst menningu múslima eða araba að meira eða minna leyti. Þessi dæmi eru afar fjölbreytt og gagnast til að varpa nokkru ljósi á hvað gæti legið að baki lokun íslenska skálans.

Þýski listamaðurinn Gregor Schneider var beðinn um að taka þátt í aðalsýningu tvíæringsins árið 2005. Tillaga hans um framlag var rýmisverk sem

til stóð að setja upp á miðju Markúsartorginu í Feneyjum. Verkið átti að vera teningur úr svörtu klæði sem þekti álgrind. Stærð teningsins hefði orðið 13 metrar á kant, eða gróflega sú sama og teningsins heilaga í Mekka, Ka'aba, eitt helsta trúartákn íslamskra pílagraíma í borginni. Að sögn Schneiders gáfu yfirvöld í Feneyjum ekki upp ástæðu fyrir því að umsókn um uppsetningu verksins var hafnað. Ummæli aðstandenda tvíæringsins og borgaryfirvalda um ástæðurnar voru mjög misvísandi. Davide Croff, forseti tvíæringsins, sagði upphaflega að borgaryfirvöld hefðu hafnað verkinu af öryggisástæðum. Síðar viðurkendi hann í bréfi til Schneiders að það hefði verið pólitísk ákvörðun. Alessandra Sarterini, talsmaður tvíæringsins á þessum tíma, sagði opinberlega að tvær ástæður hefðu legið að baki höfnuninni: annarsveggar að það hefði rofið sjónlínur á torginu á óásættanlegan hátt, hinsveggar að yfirvöld teldu að það gæti móðgað samfélag múslima í borginni. Innsetning Schneiders komst aldrei á framleiðslustig.

Árið 2008 gerði palestínska listakonan Emily Jacir tillögu að verki fyrir fyrsta palestínska skálann í Feneyjum. Verkið átti að felast í því að búa til skilti þar sem nöfn allra bátastöðva á leið 1 í almenningsbáta-samgöngukerfi Feneyja væru skrifuð með arabísku lettri við hlið hinnar ítölsku áletrunar. Samgönguyfirvöld í Feneyjum samþykktu uppsetningu verksins, sýndu því mikinn áhuga og buðust til að taka þátt í kostnaði við uppsetningu þess. Aðstandendur skálans höfðu einnig tryggt sér formlegan stuðning borgaryfirvalda við uppsetninguna. Verkið var komið á framleiðslustig þremur mánuðum fyrir opnun tvíæringsins þegar borgaryfirvöld drógu skyndilega samþykki sitt til baka. Á meðal óformlegra skýringa sem yfirvöld gáfu var að hætt hefði verið við af öryggisástæðum eftir að átök höfðu hafist á ný í Palestínu.

Atburðir í tengslum við verk asersku listakonunnar Aidan Salakhovu árið 2011 voru nokkuð drama-tískir, en ákvörðun um að sýna ekki tvær marmara-höggmyndir eftir hana var tekin rétt fyrir opnun skála Aserbaísjans. Á opnuninni var því breitt yfir verkin þannig að þau sæjust ekki. Þau voru síðan fjarlægð strax að henni lokinni.

Verk Salakhovu tengdust íslamstrú og -siðum á mismunandi máta. Annað verkið var höggmynd sem sýndi konu hulda blæju. Hitt var eftirmynd Ka'aba í Mekka sem komið var fyrir í ramma sem var að formi til eins og kvensköp. Ákvörðun um að hylja verkin og fjarlægja var tekin af fulltrúum Menningar-ráðuneytis Aserbaísjans. Ástæðan var að þau væru „umdeild og sköðuðu heiður landsins“. Sýningarstjórnir, aserski listfræðingurinn Chingiz Farzaliev og Beral Madra frá Tyrklandi, mótmæltu ákvörðuninni harkalega. Þau tóku síðar fram að þau hefðu hvorki fengið stuðning við mótmæli sín frá aðstandendum tvíæringisins né frá samtökum listfræðinga og sýningarstjóra. Sá eini sem kom opinberlega fram þeim til stuðnings var sýningarstjóri ítalska skálans á tvíæringnum, Vittorio Sgarbi. Madra hélt því fram í kjölfar sýningarinnar að skerðing tjáningarfrelsis væri sífellt að verða viðameiri og algengari á vettvangi myndlistar.

Enski listamaðurinn Jeremy Dellers setti upp viðamikla innsetningu í breska skálanum á síðasta tvíæring, árið 2013. Í aðdraganda sýningarinnar var hann beðinn að sleppa því að setja upp hluta verksins, veggspjöld og fána sem ritað var á „Prince Harry kills me“, eða „Harry prins drepur mig“. Þessi hluti verksins var bein vísun í veiðar breska prinsins á villtum fuglum á búgarði sínum í Englandi. Óbeint vísaði það einnig í þátttöku Harrys í stríðinu í Afganistan. Yfirvöld töldu að skilaboðin gætu misskilist og ógnað öryggi breskra hermanna sem þá voru í Afganistan og víðar. Deller ákvað eftir samninga við yfirvöld að breyta verkinu og skildi því fánann og veggspjöldin eftir heima í Englandi. Hann lýsti því síðar yfir að verkið hefði orðið betra og skýrara eftir þá ákvörðun.

*Moskan og viðbrögð við henni*

Þessi dæmi frá síðastliðnum áratug, þar sem pólitískar forsendur hafa haft áhrif á hvort og hvernig listaverk hafa verið sýnd á Feneyja-tvíæringnum, sýna að atburðarásin í kringum uppsetningu íslenska verksins og lokun skálans er ekkert einsdæmi. Í ljósi þess verður að telja það visst afrek að það skyldi takast að ljúka verkinu *Moska* og sýna það, þótt það hafi ekki varað nema í tíu daga. Verkið hafði verið umdeilt á undirbúnings-tíma sýningarinnar og greinilegt var að viðfangs-

efnið vakti tortryggni feneyskra yfirvalda. Fulltrúar kaþólsku kirkjunnar mótmæltu því einnig fyrir opnun skálans að búin væri til moska í fyrrum kirkju, þótt búíð væri að afhelga hana. Fulltrúar hægrisinnaðra hópa á Feneyjasvæðinu tóku undir þetta og gagnrýndu forsendur verkefnisins sem þeim fannst gera of mikið úr vandamálum múslima á svæðinu. Róttæk öfl á vinstri vængnum gagnrýndu á móti trúarlegar áherslur verksins. Verkið hafði hinsvegar verið unnið í nánú samstarfi við trúarsamfélag múslima á svæðinu sem studdi framtakið og taldi að verið væri að vekja athygli á stöðu trúaðra múslima í Feneyjum og baráttu þeirra fyrir því að eignast tilbeiðslustað.

Eftir opnun skálans vakti verkið þó nokkra athygli. Hún var yfirleitt jákvæð. Einhverjir gagnrýnendur voru þó með efasemdir um framtakið í heild, eins og Hrag Vartanian, sem rekur gagnrýna (og oft neikvæða) listmiðilinn *Hyperallergic*. Hann taldi verkið óþarfa inngríp í samfélag þar sem álitamál um stöðu múslima væru ekki sérlega mikið í umræðunni. Vartanian taldi einnig að ef til vill væri svissneskur listamaður búsettur á Íslandi ekki í stöðu til að vera með inngríp í feneyska samfélags-umræðu, sér í lagi þar sem fordómar tengdir íslam væru bæði áberandi og óleystir heimavið á Íslandi. Anna Somers Cocks hjá *The Arts Newspaper* hélt því fram að verkið hefði í reynd skapað vonbrigði og gagnstæð viðbrögð í stað þess að skapa umræður og auka skilning. Gagnrýni S.a.L.E.-Docks, sem er hópur róttækra feneyskra listamanna, var nokkuð á sama veg. Að þeirra mati koma áherslur verksins — að draga fram togstreitu íslams og kaþólsku á Feneyjasvæðinu — ekki til með að hafa nein áhrif á stóru vandamálin eins og flókna stöðu Kúrda í baráttunni í Írak, Sýrlandi og Tyrklandi, eða efnahagslega mismunun í heimi sem er stjórn- að af forsendum auðvalds. Þeir telja moskuna ná að tæpa á áhugaverðri umræðu en ekki nema fleyta yfirborðið þegar kemur að mikilvægari hlutum.

Tíu dögum eftir að sýningin opnaði brugðust feneysk yfirvöld loks við og ákváðu að loka henni. Ástæðurnar sem gefnar voru upp voru að mestu leyti formlegar; annarsvegar að leyfi hefði verið veitt til þess að setja upp listsýningu í rýminu en að það skorti leyfi fyrir að reka þar trúarstarf; hinsvegar að ítrekað hefðu athafnir í húsinu brotið



reglur um hámarksfjölda gesta, sem máttu samkvæmt kvöðum ekki vera fleiri en um 90 í einu. Aðstandendur íslenska skálans mótmæltu lokuninni og þeim forsendum sem hún byggði á; þeir bentu á að skálinn væri í reynd samfélagslegt listaverk sem jafnframt fæli í sér möguleika til trúariðkunar og bryti því ekki skilmála um notkun húsnæðisins; einnig tóku þeir fram að leyfilegt hefði verið að hafa fleiri í húsinu á opnun sýningarinnar og að fjöldinn í byggingunni hefði aldrei farið yfir hundrað manns í einu eftir það. Þessar mótbárur hlutu engan hljómgrunn hjá yfirvöldum. Aðstandendur skálans freistuðu þess þá að fá ákvörðuninni hnekkt fyrir dómi, án árangurs. Þegar þetta er ritað, um miðjan ágúst 2015, er skálinn því enn lokaður þótt heyrst hafi að umræður séu í gangi um að reyna að finna leiðir til að opna hann á ný.

### *Í aðdraganda lokunar*

Saga undanfarinna 10 ára sýnir að verk sem vinna með eða vísa í málefni tengd íslamskri menningu hafa átt erfitt uppdráttar og að mörg þeirra hafa af ýmsum ástæðum ekki orðið að veruleika. Áður en sýningin var opnuð liggur fyrir að yfirvöld í Feneyjum voru undir miklum þrýstingi að leyfa ekki opnun hennar vegna ótta við viðbrögð ofstækishópa sem annaðhvort voru sagðir tengjast íslam eða róttækum hægri-mönnum á Ítalíu. Eftir að sýningin opnaði hélt þessi þrýstingur greinilega áfram og ef marka

má gögn málsins er nokkuð ljóst að bæði opinberlega og á bak við tjöldin héldu áhrifahópar áfram að berjast gegn því að verkið yrði sýnt.

Opnunin tókst vel. Þar voru staddir íslenskir framámenn, fulltrúar múslima á Feneyjasvæðinu og frá Íslandi, aðstandendur sýningarinnar auk þess sem kaþólskur prestur tók þátt í opunarathöfninni. Þarna tókst greinilega að ná fram því markmiði að sýna samstöðu ólíkra menningarhópa um verkið. Gagnrýnandinn Julie Baumgardner lýsir atburðarsásinni vel í ritstjórnargrein í listtímaritinu *Artsy*. Þar kemur fram að Büchel hafi ekki rætt verkið formlega á opnuninni, en einungis sagt að nú þegar moskan væri komin á laggirnar lyki afskiptum hans sem listamanns af verkinu, eftirleiðis væri það á hendi samfélagsins.

Næstu daga átti greinilega margt sér stað á bak við tjöldin. Af fjölmiðlaumfjöllun má þó ráða að það að láta samfélaginu verkið í té án frekari afskipta listamannsins virkaði nokkuð tvíbent. Fulltrúum kaþólskra var greinilega misboðið að þessi fyrrum kirkja þjónaði nú sem moska. Enn voru uppi hótanir um að loka verkinu „vegna öryggishagsmuna“. Fulltrúar múslimasamfélagsins á Feneyjasvæðinu studdu sem fyrr segir gerð verksins, en þrýstingur á þá eftir opnun leiddi að lokum til þess að þeir lýstu áfram yfir stuðningi við framtakið en hættu beinni þátttöku í safnaðar-starfi moskunnar og hvöttu múslima á

„Það að listamaðurinn lét moskuna í hendur samfélags múslima í Feneyjum kann að hafa breytt forsendum verksins í augum yfirvalda. Við þetta voru ítök feneyska múslimasamfélagsins í verkinu orðin umtalsverð og verkið ekki lengur einskordað við innra rými sýningar-skálans.“

svæðinu til að virða þá ákvörðun. Í yfirlýsingu frá þeim kemur fram að það geri þeir til að tryggja góð samskipti í samfélaginu sem heild, til að róa samvisku íbúanna og til að koma í veg fyrir misskilning og utanaðkomandi þrýsting sem spilli samræðum milli trúarhópa í borginni í stað þess að efla þær. Þrátt fyrir það hélt trúarstarf í moskunni áfram. Föstudaginn 15. maí, viku eftir að skálinn opnaði, birti borgarblaðið *VeneziaToday* frétt af hádegisathöfn sem fór fram þann dag í moskunni og hinn „íslenski ímam Ali“ stóð fyrir. Fyrirsögn fréttarinnar er: „Í moskunni er beðist fyrir þrátt fyrir bann: »Stjórnmalámennt og ofstækismenn, þegiði«, sem er túlkun blaðsins á áherslum í ræðu íslenska ímamsins. Fréttin í blaðinu er almennt hlutlaus, en þó greinilegt að blaðamanni þykir sérkennilegt að utanaðkomandi aðilar skuli halda uppi safnaðarstarfi í moskunni í trássi við forsvarsmenn samfélags múslima í borginni. Blaðamaður veltir því fyrir sér hverjir séu þessir „ofstækismenn“ sem ímaminn vísar til, það sé ekki á hreinu hvort hann eigi þar við íslamska harðlínnumenn eða hvort þar sé einnig vísað til fulltrúa samfélags múslima í Feneyjum sem biðji fólk að hætta skipulegu starfi í moskunni.

Samkvæmt mynd sem Luigi Constantini tók af athöfninni þennan dag og birtist í *The Telegraph* er greinilegt að hún hefur verið vel sótt þrátt fyrir tilmæli leiðtoga múslima. Á myndinni má telja um 100 karlmenn krjúpandi við tilbeiðslu. Reikna má með því að 10–15 konur hafi einnig tekið þátt krjúpandi á bak við skerm, auk annarra áhorfenda. Það bendir því allt til þess að í bygging-unni hafi þennan föstudag verið talsvert fleiri en þeir tæplega 90 manns sem mega vera þar í einu.

#### Ritskoðun listaverka í Feneyjum — álitamál

Félagsleg listsköpun er að mörgu leyti ólík hefðbundinni gerð listaverka. Í verki sem byggir á félagslegu ferli verða álitamál um ritskoðun eða skerðingu á tjáningarfrelsi oft mjög flókin. Þegar bannað er að sýna málverk, ljósmynd, kvikmynd eða höggmynd er nokkuð óyggjandi að unnið er gegn tjáningarfrelsi listamannsins. Þetta eru verk sem listamaðurinn gerir á sínum eigin vegum og sýnir í afmörkuðu og yfirleitt sérhæfðu sýningar-rými. Samfélagsverk eru öðruvísi vegna þess að þau fela í sér inngrip í það samhengi sem þau eru búin til fyrir. Þau eru því ekki sjálfstæðar tjáningar-einingar eins og hefðbundin verk, heldur er þeim ætlað að vinna beint inn í samhengi þar sem til koma ákvarðanir — og ákvarðanafrelsi — margra annarra en listamannsins sjálfs. Listamaður sem vinnur samfélagsverk verður því að gefa eftir hluta af höfundarfrelsi sínu til að gefa svigrúm fyrir tjáningarfrelsi annarra. Samfélagsverk er háð því að það samfélag sem því er ætlað að hafa áhrif á sé virkur þátttakandi við gerð þess. Þegar samfélagsverk verður að veruleika felur það í sér að listamanninum hafi tekist að ná sátt um ýmis álitamál sem tengjast verkinu. Ef slíkt misheppnast má að sama skapi segja að listamanninum hafi ekki tekist að vinna með ólíka þætti menningar-legs umhverfis — þessvegna hafi verkið ekki náð að verða til. Vegna þessa eðlis samfélagsverka er erfiðara að ákvarða hvar og hvenær ritskoðun á sér stað, hvenær samfélagið bregst við með of-beldi og skerðir tjáningarfrelsi listamannsins, eða hvenær listamanninum hafi einfaldlega mistekist að vinna með menningarlegt samhengi verksins.

Þetta á að einhverju leyti við um öll þau verk sem

hér hafa verið rædd. Það leikur lítill vafi á því að þegar ákveðið var að fjarlægja verk Aidönu Salakhovu úr sýningar skála Aserbaísjans var um grófa skerðingu á tjáningarfrelsi hennar að ræða. Búið var að samþykkja verkin, búa þau til og setja þau upp þegar einhverjum embættismanni fannst þau ógna „heiðri“ asersku þjóðarinnar.

Emily Jacir hafði unnið ötullega og skipulega að því að búa til sitt verk með arabísku letri á strætóbátastöðvunum. Þar virtist sem búið væri að vinna náð og í fullri sátt með öllum sem gætu staðið í vegi fyrir því að verkið yrði að veruleika þegar leyfi voru dregin til baka. Þar hafa áhrifa-aðilar reynst henni og samstarfsfólki hennar yfirsterkari á lokametrinum, valdamiklir aðilar sem beittu sér á bak við tjöldin. Þessi umpólun á afstöðu yfirvalda til verks hennar kom á óvart. Það inngríp var því greinilega aðför að tjáningarfrelsi listakonunnar, á pólitískum forsendum og án opinna umræðu.

Þegar kemur að verki Gregors Schneider, svarta teningnum, flækjast málavextir þó nokkuð. Ljóst er að honum mistókst ætlunarverk sitt — að sannfæra borgaryfirvöld um mikilvægi innsetningarinnar á Markúsartorginu. Hvort það hafi falið í sér skerðingu á tjáningarfrelsi er hins vegar ekki ljóst. Eftir að verkinu var hafnað í Feneyjum lagði Schneider til verk byggt á hugmyndinni fyrir sýningu í Berlín, en fékk ekki heldur samþykki fyrir því. Að lokum tókst honum að fá verkið sett upp á sýningu í Hamborg. Þar var framsetning verksins þó allt önnur en hugmyndirnar sem hann kynnti í Feneyjum. Í Hamborg var teningurinn kynntur sem vísun í tímamótamálverk rússneska súpreatistans Rodchenko, svartan ferning á hvítum fleti. Tengingin við Ka'aba í Mekka var því ekki megináherslan lengur.

Í tilviki Jeremys Deller er greinilegt að um pólitísk ítök var að ræða, á sama hátt og í aserska dæminu, enda ekki um eiginlegt samfélagslegt verk að ræða. Einnig er ljóst að hann ákvað að breyta verkinu til þess að stýggja ekki þau valdaöfl sem stóðu gegn því. Við vitum ekki hverjar afleiðingarnar hefðu verið hefði hann neitað. Að mati hans var breytingin þegar upp var staðið

ekki slæmur kostur. Hún gerði honum kleift að ljúka verkinu í sátt við valdamenn í Bretlandi þannig að gagnrýni hans var komið á framfæri, þótt það væri í breyttri mynd. Þjóðarskálarnir í Feneyjum hafa aldrei verið hlutlausir sýningarstaðir og sýningarnar aldrei hefðbundnar. Gagnrýnum listamönnum sem sýna þar má vera ljóst að auk þess að vera vettvangur fyrir list þjóna þeir iðulega stjórnmalalegum tilgangi. Það er á ábyrgð listamannanna að semja um útfærsluna þannig að hún gangi ekki gegn þeirra eigin hugsjónum en sé samt sem áður framkvæmanleg í pólitísku samhengi sýningarinnar. Ferlið sem verk Dellers fór í gegnum er dæmi um hversu langt listamenn eru tilbúnir að ganga í að ritskoða verk sín til að megináherslur þeirra geti notið sín. Breytingin á verki Dellers fyrir þrýsting yfirvalda varð opinber, sem er jákvætt innlegg í umræðuna. Það ferli sýnir að pólitísk inngríp í verk listamanna eru ekki einskorðuð við ríki þar sem mannréttindi eru ekki virt, eins og í tilfelli Aserbaísjans, heldur eiga sér einnig stað hjá „lýðræðisríkjum“ Vesturlanda. Í þessu samhengi er því full ástæða til að hlusta á aðvörun Beral Madra um sífellt viðameiri skerðingu á tjáningarfrelsi myndlistarmanna.

#### *Moskan, tjáningarfrelsi og samfélagslist*

Innsetning Büchels er áhugavert innlegg í þetta samhengi tjáningarfrelsis og samfélagsverka. Verkið á sér ekki stað í opinberu rými, eins og sum ofangreindra verka, heldur innan rýmis íslenska skálans. Það skipti máli þegar yfirvöld og aðstandendur tvíæringsins samþykktu opnun skálans í upphafi. Á sama hátt og ábyrgðin á framsetningu verka í skála Aserbaísjans árið 2011 lá hjá þeim opinberu aðilum sem stóðu að skálanum, án afskipta tvíæringsins, fengu íslensk yfirvöld að ráða framsetningu moskunnar innan skálans í upphafi. Það að listamaðurinn lét moskuna í hendur samfélags múslima í Feneyjum kann að hafa breytt forsendum verksins í augum yfirvalda. Við þetta voru ítök feneyska múslimasamfélagsins í verkinu orðin umtalsverð og verkið ekki lengur einskorðað við innra rými sýningar skálans. Með því varð verkið bæði listaverk og starfandi moska í senn, eins og ætlun Büchels var. Þetta síðara hlutverk listaverksins varð yfir-

völdum síðar í nöp við. Þau sættu sig við listaverk sem væri *eins* og moska; þau sættu sig ekki við listaverk sem væri *líka* moska. Þau beittu sér fyrir því að samfélag múslima á Feneyjasvæðinu drægi sig út úr beinu starfi í moskunni. Ef sú ætlan hefði gengið eftir hefði verkið breyst úr því að vera bæði listaverk og moska yfir í það að vera einfaldlega listaverk sem líkti eftir mosku. Þetta hafði að vissu leyti tekist þegar forsvarsmenn feneyska múslimasamfélagsins drógu sig út úr safnaðarstarfinu. Þeir voru í reynd að reyna að skila verkinu til baka til listamannsins.

Á þessu stigi ákveður annað samfélag múslima að blanda sér í atburðarásina. Í stað þess að virða ákvarðanir múslima á Feneyjasvæðinu og hætta skipulögðu safnaðarstarfi, leiða Íslendingarnir safnaðarstarfið föstudaginn 15. maí. Ef marka má fréttir af viðburðinum voru ekki takmarkanir settar á það hversu margir tóku þátt, auk þess sem ræða ímamsins virkaði róttæk í því viðkvæma andrúmslofti sem ríkti. Svo virðist sem þessi viðburður, það að erlendir aðilar tóku yfir moskuna eftir að samfélag múslima í Feneyjum hafði ákveðið að taka ekki lengur þátt í starfi hennar, hafi verið kornið sem fyllti mælinn. Ef yfirvöld hafa verið að leita að átyllu til að loka skálanum, þá var þetta viðburður sem fullnægði því þýðilega.

### Niðurlag

Samfélagsverk eins og *Moska* Christophs Büchel eru flókin. Þau eru bæði tjáning listamanns og inngríp í það samfélag sem þau eru gerð fyrir. Þessvegna er erfitt að meta hvenær hömlur eru settar á tjáningarfrelsi listamannsins eða hvort einfaldlega er verið að setja eðlileg takmörk á samfélagslegum forsendum. Það reyndist ekki auðvelt fyrir yfirvöld í Feneyjum að samþykkja verk Büchels. Með því að leyfið loksins fékkst virtu yfirvöld tjáningarfrelsi listamannsins og verkið varð að veruleika. Eftir opnun tók trúarsamfélag múslima í Feneyjum við verkinu, sem við það varð bæði listaverk og starfandi moska eins og stefnt var að. Samfélagslegur þáttur verksins átti sér þannig stað í starfandi mosku. Þótt yfirvöld væru tilbúin til að leyfa opnun listaverks þar sem búin var að umbreyta kirkjubyggingu í

mosku, voru þau ekki búin að veita samþykki sitt fyrir því að samfélag múslima starfrækti moskuna. Um það gilda reglur sveitarfélagsins um trúarlegar stofnanir. Að sama skapi eru til staðar reglur til að tryggja öryggi borgaranna með því að setja takmarkanir á leyfilegan fjölda í byggingu á hverjum tíma. Það er ekki á valdi listamanns, ekki undir hans tjáningarfrelsi komið, að brjóta gegn reglum samfélagsins þótt hann geti freistað þess að fá undanþágu frá þeim.

Christoph Büchel tókst hluti ætlunarverks síns. Honum tókst að búa til listaverk sem fólst í umbreytingu kirkjubyggingar yfir í mosku og hann fékk leyfi yfirvalda til að opna moskuna almenníngi. Verkið var áhrifaríkt inngríp í bygginguna og sýndi margvíslegar hliðstæður kristinna og íslamskra hefða. Það var í sjálfu sér sterkt, táknrænt listaverk sem fjallaði um möguleika þess að eiga í samskiptum þvert á trúarskoðanir og menningarlegar áherslur.


Büchel mistókst síðari hluti ætlunar sinnar. Honum tókst ekki að fá samþykki feneyskra yfirvalda fyrir því að í moskunni, sem var listaverk, væri rekið trúarstarf. Þegar starfið fór þrátt fyrir það fram án samþykkis var sýningarskálanum lokað. Svo virðist sem Büchel hafi ekki getað sæst á þá málamiðlun að hafa sýninguna opna án trúarstarfsins. Þótt samfélag múslima á Feneyjasvæðinu hafi dregið sig í hlé var leitað annarra leiða til að halda því starfi áfram, án samþykkis, auk þess sem reglur um fjölda gesta voru brotnar að ástæðulausu. Þegar yfirvöld lokuðu skálanum vegna þessa er því ekki hægt að tala um að í því hafi falist brot á tjáningarfrelsi. Þessi þáttur listaverksins mistókst einfaldlega þegar ekki tókst að fá samþykki yfirvalda fyrir því að reka trúarstarf í listaverkinu.

Annað væri uppi á teningnum ef Büchel hefur verið til umræðu um að halda verkinu opnu án þess að þar væri stundað trúarlegt starf, sem var það sem fulltrúar múslima í Feneyjum lögðu til í málamiðlun sinni. Ef sú er reyndin hafa feneysk yfirvöld gert aðför að tjáningarfrelsi listamannsins og komið í veg fyrir aðgengi almennings að áhugaverðu verki.



# Gestavinnustofan

*Matthew Berka*



*Úr verkinu The Event, 4.min, 8mm filma, 2014*

---

*Ástralski listamaðurinn Matthew Berka dvaldi nýverið á gestavinnustofu SÍM. Matthew útskrifaðist með BA í Fine art frá RMIT í Melbourne, Ástralíu. Hann vinnur aðallega í hljóði og hreyfimyndum og segir okkur frá dvöl sinni á Íslandi ásamt verkum sínum.*



*Er þetta fyrsta gestavinnustofan þín?*

Nei, ekki beinlínis. Ég var í viku í gestavinnustofu í Melbourne þar sem ég dvaldi í húsi sýningarstjóra og átti að gera uppsetningu á staðnum á einni viku. Frekari upplýsingar má finna á <http://www.myhouseistoosmallproject.com/>

*Hvers vegna Ísland?*

Helsta ástæðan er ákveðið meginviðfangsefni sem er gegnumgangandi í verkum mínum, þ.e. tengslin milli staðar og sálarlífs. Ísland heillaði mig en mér finnst það líka jöfnum höndum villandi og órætt, það er eins og nokkurs konar míkroskómós sem gefur til kynna að utanaðkomandi geti eignað sér það, en ég held að það haldist einhvern veginn í hvarfi frá væntingum okkar og þrám.

*Fyrstu áhrifin sem Ísland/Reykjavík hafði á þig?*

Þegar ég tók flugrútuna frá Keflavíkurflugvelli til Reykjavíkur, eftir Reykjanesinu, viku upphafnar ímyndir mínar og tálsýnir af Íslandi til hliðar fyrir einhverju sem er mun framandlegra og óskilgreinanlegra.

*Hvar heyrðirðu fyrst af SÍM gestavinnustofunni?*

Með því að leita upplýsinga, minnir mig, á netinu auðvitað.

*Hefurðu eða ætlaðu að ferðast út fyrir Reykjavík?*

Ég hef séð margt undanfarnar þrjár vikur, meira en ég hélt fyrst að ég myndi gera. Ég hef ferðast eftir suðurströndinni til Víkur, til Jökulsárlóns, til Landmannalauga, Gullna hringinn (Þingvellir, Gullfoss, Geysir), Reykjanesið, Snæfellsnes, Vestfirði (Ísafjörð o.fl.). Ég hafði hugsað mér að fara til Akureyrar eftir gestavinnustofuna en ef til vill geymi ég það þar til næst!

*Hvar er orkan á Íslandi?*

Hún er eiginlega alls staðar, er það ekki? Orkuuppsprettarnar eru augljósar á yfirborði landslagsins; bullandi heitir hverir senda upp gufustróka yfir landslagið, vatn þrýstist upp í loft, eldvirkni er alltaf kraumandi rétt undir yfirborði jarðar. Mín reynsla af Íslandi hefur verið sú að

*Það sem vakti áhuga minn á þessum upptökum var existensialísk hreinskilnin þegar ræðumaðurinn vísar til sinna eigin persónulegu efasemda, sem hann deilir með öðrum í hópnum, um að „lifa á tímum endalokanna“*

ég hef smám saman áttað mig á að landið er í endalausum samspili. Því meiri tíma sem ég eyði í að kanna það, þeim mun meðvitaðri verð ég um þessar hringrásir orku og mótunar.

*Að hverju varstu að vinna í SÍM gestavinnustofunni?*

Áður og eftir að ég kom til Íslands hef ég verið að vinna að löngu kvikmyndaverki sem ég hef safnað efni í. Ein af meginstöðum verksins er segulbandsupptaka sem ég fann í fjölskylduskjalasafni. Á henni eru hvatningarræður sem voru teknar upp á fundi hjá *Christadelphian* söfnuðinum (lítill, kristinn sértrúarsöfnuður sem varð til á 19. öld en nafnið merkir „bræður og systur í Kristi“) snemma á tíunda áratugnum í Ástralíu. Það sem vakti áhuga minn á þessum upptökum var existensialísk hreinskilnin þegar ræðumaðurinn vísar til sinna eigin persónulegu efasemda, sem hann deilir með öðrum í hópnum, um að „lifa á tímum endalokanna“. Á sama tíma var stór hluti safnaðarins að snúa baki við trú sinni vegna ágreiningsmála eða að verða fyrir útskúfun af leiðandi aðilum í hópnum.

Hvatningin snýst um ákveðna hugmyndafræðilega staðhæfingu – „lífið er ekki æfing“. Þetta hefur orðið að nokkurs konar útgangspunkti fyrir kvikmyndina mína sem er klippiverk úr þessum texta ásamt atriðum sem fengin eru að láni úr smásögu Dylans Thomas, „The Enemies“, brotum úr dagbók frá sjötta áratug 19. aldar sem var skrifuð af fjarskyldum ættingja frá Jamaíka, myndefni af margvíslegu umhverfi sem endur-

*„Ég fer á þessa staði með mjög persónulegar hugmyndir í farteskinu en á sama tíma eru þessar hugmyndir mjög óstöðugar. Þetta er viðkvæmt ferli, það gæti í raun fallið um sjálft sig hvenær sem er.“*

speglar þessa texta og portrett sem ég hef að einhverju leyti byggt upp fyrir myndavélina. Dvöl mín á Íslandi hefur snúist um að safna saman miklu magni af hljóð- og myndefni sem ég hef bætt við heildarvefnað verksins.

Á Íslandi hef ég leitast við að fanga ákveðna þætti landslagsins sem sýna einhvers konar umbreytingu eða niðurbrot vegna orkuflæðis. Þetta hefur verið kaotískt ferli, en ef ég ætti að lýsa því myndi ég segja að nokkurs konar kvikmynd um aðdraganda heimsendis, um tíma endalokanna, hafi byrjað að þróast með áður-nefndri segulbandsupptöku og haldi áfram að mótast og breytast, annað hvort til hins betra eða verra.

Ég gerði einnig stuttmynd, þar sem ég notaði svarthvíta super 8 filmu, sem aðskilið og sjálfstætt verk. Eitt sjónarhorn, tekið upp við vatn, á staðnum í rúmar 7 klukkustundir. Það verk var í raun stúdía í óljósum hugmyndum um flæðandi „timelapse“ kvikmynd, enda meðvitað gerð á ósamfelldan og ólínulegan hátt og þar með upp-brotið „timelapse“.

*Finnst þér að gestavinnustofan og/eða Ísland hafi haft áhrif á verk þín?*

Athygli mín hefur að miklu leyti beinst að uppsprettu landslagsins sjálfs. Helmingur vinnunnar fer fram fyrir utan vinnustofuna og mér finnst mikilvægt að halda því sambandi eins og hægt er. Ég vinn ekki eftir handriti eða með miklar fyrirfram ákveðnar leiðbeiningar þannig að verkið er á ákveðinn hátt háð landslaginu. Hins vegar hef ég ákveðnar sálfræðilegar hugmyndir sem eru alltaf til staðar, þannig að ég er ekki að gefa í skyn að ég sé hlutlaus í þessu ferli mínu, að ég sé

að reyna að skapa hlutlaus heimild eða eitthvað þannig. Ég fer á þessa staði með mjög persónulegar hugmyndir í farteskinu en á sama tíma eru þessar hugmyndir mjög óstöðugar. Þetta er viðkvæmt ferli, það gæti í raun fallið um sjálft sig hvenær sem er.

*Sástu einhverjar sýningar á Íslandi sem höfðu áhrif á þig?*

*Vasulka-stofa* í Listasafni Íslands var frábær, ég er mjög hrifinn af öllu því tilviljanakennda sem kom út úr tilraunum með vídeó á áttunda og níunda áratugnum, það er einhver blanda af formtilraun-um og óstöðugleika myndarinnar/hljóðsins sem mér finnst spennandi.

*Myndaðirðu einhver ný tengsl sem gætu hagnast þér?*

Já, við alla hina listamennina í gestavinnustofunni. Það hefur verið frábært að kynnast mörgum ólíkum aðferðum og að geta eytt þessum tíma á þessum stað saman.

*Var eitthvað sem kom þér á óvart við íslensku listasenuna?*

Mér finnst ég ekki hafa lært eins mikið um hana á meðan á dvölinni stóð og ég hefði getað. Ég fór á nokkrar opnanir og sýningar en ég var mjög upptekinn af mínu eigin verki.

Frásagnar- og söguhefðin í íslenskri menningu kom mér á óvart. Tengslin milli landslagsins og íslenskra þjóðareinkenna finnast mér einnig mjög forvitnileg.



Life is not a rehearsal *HD video*. 2015



Karkaroom, *HD video*, 45 min. 2012-2015

# VINNUSTOFAN

*Eygló Harðardóttir*

*Súðavogur 3*



*„(að) byggja eitthvað sem verður til í samtali við efnið og í tilraunum.“*

## *Menntun/bakgrunnur*

Eftir nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands fór ég í þriggja ára framhaldsnám við AKI–Akademie voor Beeldende Kunst í Enschede í Hollandi og lauk því 1990. Árið 2014 lauk ég MA gráðu við listkennsludeild Listaháskóla Íslands með rannsóknarritgerðinni „Listaverk gefur vísbendingar um þrívíða nálgun í litanámi“. Í ritgerðinni kannaði ég hvernig eigin listsköpun og listaverk geta gefið vísbendingar um þrívítt litanám, en ég hef í gegnum tíðina

verið stundakennari við Myndlistaskólann í Reykjavík og Myndlistardeild Listaháskólans.

## *Hvernig notar þú vinnustofuna*

Vinnustofan er griðastaður, tímalaus staður, laus við annað áreiti en það sem viðkemur myndlist. Hún er eins og framlenging af hugsuninni og líkamanum. Þar er leiknum stillt upp og þangað get ég einnig hugsað framhaldið þótt ég sé ekki á staðnum. Vinnustofan er byggingarsvæði og fyllist fljótt af efniviði og áhöldum.

*Hvaða verkefni eru framundan hjá þér?*

Þau eru nokkur á þessu ári. Í október verð ég með þrjár sýningar. Þetta eru ólík verkefni og samhengi þeirra mismunandi. Í vinnu fyrir einkasýningu í *Harbinger* hef ég gert tilraunir með liti, efni og aðferðir og kannað þenslumöguleika forms og miðla í víðum skilningi. Samsýning í Skaftfelli ásamt Eyborgu Guðmundsdóttur þróast m.a. í samtölum við sýningarstjóra og við listasöguna með skoðun á geometrískum verkum Eyborgar. Samýning í Listasafni Árnesinga er stefnumót við þrjá aðra samtímalistamenn sem vinna með pappír. Samhliða þessu er ég síðan að vinna að bókverki/skúlpturnabók og hugsa ég þar sýningarrýmið í víðari skilningi, bæði hvað varðar þátttöku áhorfenda og dreifingu listaverka.

*Hversu mikilvægt er fyrir þig að vera með vinnustofu?*

Vinnustofan er nauðsynlegur fastur punktur. Vinnan mín er í grundvallaratriðum stúdíóvinna og ég er mikið á vinnustofunni að þæla eða byggja eitthvað sem verður til í samtali við efnið og í tilraunum. Frá því ég lauk námi hef ég yfirleitt alltaf haft vinnustofu og verið á gestavinnustofum, t.d. í Finnlandi, Tékklandi, Eistlandi og Tyrklandi. Mér finnst mikilvægt að upplifa byggingar og mismunandi rými, sérstaklega á þeim tímabilum þegar ég hef haft litlar vinnustofur hér heima. Þá er gott að þenja skalann með því að fara t.d. á gestavinnustofur.

*Stutt lýsing á vinnustofunni*

47fm stór, björt vinnustofa, með austur-birtu, góðri lofthæð og útsýni. Góð stærð sem hefur áhrif á vinnubrögðin; hægt er að skáka til hlutum í rýminu og fá yfirsýn.

*Hvert er markmiðið/toppurinn í starfinu?*

Það er engin endastöð, en mér finnst nauðsynlegt að það sem maður er að glíma við komi manni sjálfum á óvart og sé þannig spennandi, vaxi og nái virkni. Þegar verk er tilbúið er léttir að missa áhugann á því og það bara er - ef ekki, þá truflar það mann í framhaldinu.

*Hvaðan færðu innblástur?*

Það sem örvar mig eru yfirleitt menningartengd fyrirbæri, t.d. byggingaraðferðir, skilgreiningar og hugmyndaheimar. Innblásturinn kemur í framvindunni, í sjálfri myndlistarvinnunni.

*Í fullkominni veröld væri myndlist...*

Úthlutað hellings tíma og rými; hún hefur ótrúlegan kraft.

*Mottó* Endalaus forvitni.

*Áhrifavaldar*

Ætli þeir séu ekki helst tengdir skynjuninni, ýmsum grundvallaratriðum hennar. T.d. hlutföll og form í tónlist og byggingum, hljóð, birta, litir, efni og daglegt líf. Sjónarhorn í kvikmyndum og sjónarhorn og verk annarra listamanna gefa mikinn kraft.

*Hvað er SÍM fyrir þér?*

